

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 2002

Nr. 245

598

22. mars 2002

## REGLUGERÐ

### um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

#### 1. gr.

Slysatrygging íþróttafólks tekur til slysa, sem verða við íþróttaiðkanir þeirra sem orðnir eru 16 ára og eru sannanlega félagar í formbundnum félögum, sem hafa íþróttaiðkun að meginmarkmiði og eru aðilar að Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands eða Kraftlyftingasambandi Íslands.

#### 2. gr.

Með íþróttaiðkun er átt við sýningar eða keppni á vegum íþróttafélaga samkvæmt 1. gr. svo og skipulagðar íþróttæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila undir stjórn þjálfara með það að markmiði að taka þátt í keppni eða sýningum.

#### 3. gr.

Slys sem verða á ferðum til eða frá æfingum, sýningum eða keppni falla ekki undir slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt reglugerð þessari. Það sama gildir um slys í búningsherbergjum og baðklefum og slys á keppnis- eða sýningarferðalögum, innanlands sem utan, nema þau sem verða við æfingar, sýningar eða keppni, sbr. 2. gr.

#### 4. gr.

Tilkynning um íþróttaslys skal send Tryggingastofnun ríkisins. Skal tilkynningin vera undirrituð af hinum slasaða og þjálfara hans og stimpluð af íþróttafélaginu. Einnig skulu fylgja aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem áverkavottorð þess læknis sem skoðaði slasaða fyrst eftir slysið, sbr. nánar reglur tryggingaráðs nr. 709/1999 um tilkynningarfrest slysa.

#### 5. gr.

Bætur slysatryggingar íþróttafólks eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Ef bótaskyld slys veldur sjúkleika og vinnutjóni (óvinnufærni) í minnst 10 daga skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða, nánar tiltekið læknishjálp, lyf og umbúðir, tannlækningar, sjúkrahjálfun, spelkur, gervilimi og bæklunarskófatnað, ferðakostnað og sjúkraflutning, samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og reglum nr. 765/2000 um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálp.

Ef slys veldur ekki óvinnufærni í 10 daga greiðist framangreindur kostnaður ekki úr slysatryggingu íþróttamanna.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í e-lið 1. mgr. 24. gr. og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2002 og tekur til slysa sem eiga sér stað eftir 31. mars 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

9. gr.

*Greiðslur fyrir læknisvottorð.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötlud og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 800 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

- a. Kr. 700 fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum og vegna sjúkranudds.
- b. Kr. 1.200 fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisáðgerðir og alþjóða-ónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar og vegna veitingar ökuleyfis og dagmóðurstarfa.
- c. Kr. 1.700 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum (framhaldsvottorð), andláts (dánarvottorð), umsókna um félagslegar íbúðir, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðar og til skattyfirvalda.
- d. Kr. 2.500 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarféлага (frumvott-